

**Ed.**

**149. Frumvarp til laga**

[141. mál]

um breytingu á lögum nr. 33/1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir.

1. gr.

Úr 6. gr. laganna falli brott orðin „og gilda til ársloka 1987“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt til þess að lög um bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 33 frá 23. mars 1983, falli ekki úr gildi við árslok 1987.

Þau tímatakmörk eða „sólarlagsákvæði“, sem sett voru í lögin, komu til vegna breytingartillögu sem fram kom við umræður um málið. Forsendur hennar voru þær að varasamt gæti verið að beita ritskoðun eða bönnum í menningarmálum. Slíkt gæti haft alvarleg áhrif á listsköpun. Einnig var bent á það að hin nýja myndbandabylting, sem einmitt varð tilefni til flutnings frumvarps til laga um bann við ofbeldiskvikmyndum, byði upp á sérstakar aðstæður sem kynnu að breytast þegar meira jafnvægi kæmist á. Flutningsmenn breytingartillögunnar féllust þó á það að full ástæða væri til þess að samþykkja slík lög en rétt væri að endurskoða þau að nokkrum árum liðnum.

Þær forsendur, sem lágu til grundvallar þegar lögin voru samþykkt, eru enn í fullu gildi. Jafnrik ástæða er nú eins og þá til þess að vernda börn og ungmenni gegn skaðvænlegum áhrifum grófs ofbeldis. Er það reynsla og álit margra að framboð á slíku efni sé síst minna nú en þegar lögin nr. 33/1983 voru sett.

Þann 18. febrúar 1985 gerði lögreglan könnun hjá myndbandaleigum á höfuðborgarsvæðinu með hliðsjón af myndbandalista frá Kvikmyndaeftirlitinu. Á honum voru um 70 myndatitlar sem Kvikmyndaeftirlitið hafði úrskurðað óhæfa til sýningar vegna ofbeldis eða kláms. Í þessari könnun fundust hundruð bannaðra myndbanda.

Þann 22. desember 1986 var síðan aftur gerð leit í myndbandaleigum á suðvesturhorni landsins af lögreglu og dómsmálaráðuneytinu. Voru þá gerð upptæk meira en tíu þúsund myndbönd sem voru ólöglega innflutt og brutu í bága við lög um höfundarétt, hegningarlög eða voru á bannlista Kvikmyndaeftirlitsins vegna ofbeldis eða kláms.

Í ljósi þess, sem að framan er sagt, þykir því rétt að lög þessi haldi enn gildi sínu.